



BÆRINN OKKAR

Sjálfstæðisflokkurinn í Reykjanesbæ

1. árgangur • 2. tölublað 2005



Meirihluti sjálfstæðismanna í bæjarstjórn Reykjanesbæjar

85%

loforða þegar efnd!

Þrjú af fjórum árum kjörtímabilsins liðin



Sjálfstæðisflokkurinn

Orkuvarðing í landi Reykjanesbæjar

Sýningarstaðan "Orkuverid Jörð", sem er samstarfsverkefni Reykjanesbæjar og Hitaveitu Suðurnesja, verður tilbúin 2006. Í Reykjanesvirkjun verður komið fyrir aðstöðu sem kynnir orkunýtingarmöguleikar jarðarinnar. Unnið er að djúpbörnunarráttum á sama stað og viðræður eru við erlenda aðila um þátttöku í því verkefni. Þess má einnig geta að bandarískir fjárfestar eru komnir að Saltverksmiðjunni á Reykjanesi til endurvakningar.

Atvinnusvæðið Helguvík

Búið að skapa aðstæður fyrir tugi lóða, vegakerfi og lagdir í Helguvík. Auk þeirra sjö fyrirtækja sem þar eru nú staðsett hefur verið sótt um 4 nýjar lóðir á síðustu vikum. Reykjanesbær og FL-Group hafa undirritað viljayfirlýsingu um uppbyggingu mannvirkja í Helguvík til innflutnings, geymslu og flutnings eldneysis. Eigendur Norðuráls, Reykjanesbær og Hitaveita Suðurnesja hafa undirritað viljayfirlýsingu um byggingu álvers í Helguvík. Bandaríska stálpípufyrirtækið IPT hefur fengið frest til að fjármagna verksmiðju á lóð í Helguvík.

Öflug sjávarútvegsyfirtæki

Fram Foods (Bakkavör) er að færa út kvíarnar og hefur keypt Sjöstjörnuhúsið. Fleiri fyrirtæki eru að auka umsvif sín á svæðinu í tengslum við aukið fraktflug.

Stuðningur við verslun og þjónustu

Endursköpun Hafnargötunnar og umhverfisbætur hafa laðað að fleiri verslanir og fyrirtæki á þjónustulínuna. Stofnuð voru samtökin Betri bær, að tilstuðlan Reykjanesbæjar. Ljósanött og Jóladaðgar hafa stóraukið verslun og kynningu á bænum. Fjöldi nýrra þjónustufyrirtækja hafa sýnt Reykjanesbæ áhuga og nokkur þegar hafið starfsemi í Reykjanesbæ.

Bætt ímynd Reykjanesbæjar

Markaðssetning

Undirstaða góðrar markaðssetningar er að kynning standi undir nafni. Allar umbætur okkar í þjónustu og umhverfi miða að þessu. Mælingar sýna að viðhorf fólks í atvinnuleit til Reykjanesbæjar eru mun jákvæðari en fyrir 3 árum og fjöldi fyrirtækja sýnir áhuga á að skoða Reykjanesbæ sem valkost í staðsetningu.

Reykjanesbær fyrsti viðkomustaður ferðamanna

Með staðsetningu "seguls" í landi Reykjanesbæjar skapast byltingakenndir möguleikar á því að þau hundruð þúsunda



ferðamanna sem koma hingað til lands eigi viðkomu í Reykjanesbæ. Meðal áhugaverðra verkefna á þessu sviði má nefna Smithsonian-sýninguna "Vikings the North Atlantic Saga" og samgöngumiðstöð ofan við Íðavelli með bílaleigubjónustu, tjaldsvæði og fleiru. Stofnuð verða sérstök fyrirtæki um miðstöðina og sýningarhúsið að Fitjum.

Íbúafjöldi yfir 11.000

Byrjað verður á Ósabotnavegi í vor og einnig mun nýr vegur koma fram hjá Höfnum. Í tengslum við Reykjanesvirkjun verður bætt leiðin að Reykjanesvita og Vegagerðin hefur samþykkt gerð hjólreiðastígs í vegkanti frá Flugstöð Leifs Eiríkssonar að staldri ofan samgöngumiðstöðvarinnar.

Með öllu þessu verður Reykjanesbær mikilvæg miðstöð ferðamála.

Reykjanesbraut – tvöföldun

Reykjanesbrautin verður boðin út í júní næstkomandi frá enda tvöföldunar og að mislægum gatnamótum milli Kaffitárs og Go-kart brautar í Reykjanesbæ.

Samstarf við Varnarliðið

Meðan beðið er viðræðna Íslands og Bandaríkjanna um varnarmál höfum við haldið góðu sambandi við yfirstjórn Varnarliðsins og varnarmálaskrifstofuna. Við höfum einnig rætt við íslenska ríkið um ný tækifæri fyrir störf í tengslum við breytingar á varnarliðssvæðinu.

Manngildið í öndvegi

Á þessu kjörtímabili hefur verið lokið við gerð forvarnarstefnu Reykjanesbæjar. Stofnaður hefur verið Fristundaskóli fyrir 6 til 10 ára börn og athvarf fyrir geðfatlaða. Aukin gæði menntunar í grunnskólum og Lestrarmenningarverkefnið er að skila sýnilegum árangri. Nú undir stjórn sjálfstæðismanna eru engir biðlistar eftir leikskólaplássi.

Heilbrigðisþjónusta

Með bættri aðstöðu Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja í D-álmum hefur dagdeild aldraðra verði sett upp og stefnt er að uppsetningu nýrrar skurðstofu. Fjöldi sérfræðinga og heimilislækna starfa nú hjá HSS. Reykjanesbær hafði frumkvæði að samningum við Heilbrigðisráðuneytið um byggingu hjúkrunarheimilis í Reykjanesbæ sem tekið verður í notkun árið 2007. Framkvæmdir hefjast á næsta ári. Aðstaða fyrir Alzheimersjúklinga er fyrirhuguð á nýja hjúkrunarheimilinu. HSS mun starfa með Íþróttakademíunni að skipulagi íþróttakennara- og lýðheilsunáms.

Leikskólar

Staðið hefur verið við allar endurbætur og stækkanir á leikskólum. Enginn biðlisti er á leikskólana í dag og hægt að bæta við börnum á Holt, í samræmi við íbúafjölgun í Tjarnhverfi. Þegar er farið að huga að nýjum leikskólum í

Samræmi við eftirspurn.

Stofnun þróunarsjóðs leikskóla og grunnskóla Stofnaður var svonefndur Manngildissjóður sem hefur margvísleg mannþætandi verkefni framundan í Reykjanesbæ. Sjóðurinn byggir á 500 milljón króna höfuðstól en vextir eru nýttir til styrkveitinga.

Öflugur heilsdagsskóli

Í samræmi við loforð hefur Fristundaskóli verið stofnaður. Þessi lausn sem býðst eftir að hefðbundnum skóladegi lýkur hjá yngstu börnum hefur vakið athygli um allt land, bæði



fyrir lág þjónustugjöld foreldra og góða þjónustu. Sérlega vekur athygli samstarf við íþróttafélögin í bænum þar sem börnin æfa á daginn eða stunda tónlistarnám og er komið á milli staða í umsjá Fristundaskólans. Þá er veitt aðstoð við heimanám, leiklist, tónlist og vísindapælingar stundaðar.

Nýr grunnskóli

Akurskóli í Tjarnahverfi er í byggingu og hefur starfsemi nú í haust. Hann mun fylgja nýjustu skólalágrun með áherslu á einstaklingsmiðað nám.

Tónlistarskóli-listamiðstöð

Hafinn er undirbúningur að verkefnum samkvæmt loforðum. Miðstöðinni er ætlað að hýsa nýjan tónlistarskóla, poppmínjasafn og tengjast starfsemi Stapa. Grunnteikningar liggja fyrir.

Öflugur framhaldsskóli

Fjölbrautaskóli Suðurnesja hefur verið stækkaður og viðbygging tekin í notkun. Unnið er að tengingu FS við hugmyndir Íþróttakademíu. Fjölgun bílastæða fyrir nemendur FS hefur verið lokið. Einnig hefur verið stofnuð flugþjónustubraut við skólann.

Háskóladeildir í Reykjanesbæ

Íþróttakademían í Reykjanesbæ hefur verið stofnuð í samstarfi við Háskólann í Reykjavík. Boðið verður BS nám og síðar MS nám í íþróttfræðum og lýðheilsufræðum. Byggingaframkvæmdir eru á áætun og skólinn byrjar nú í haust. Miðstöð símenntunar á sviði háskólamenntunar verður einnig staðsett í húsnæði akademíunnar.

Miðstöð símenntunar

MSS hefur verið boðið að nýta aðstöðu Akademíunnar til alls fjarnáms á háskólastigi. Þannig skapast rýmri aðstaða en í eldra húsnæði til að sinna öðrum símenntunarverkefnum. Um 90 til 100 nemendur stunda háskólanám í Reykjanesbæ með aðstoð MSS.

Tjarnir við Fitjar lagfærðar

Búið er að gera íbúum auðvelt aðgengi að Fitjasvæði með göngustígum, steingörðum, bílastæðum og ræktun. Með þessu hefur tekist að skapa frábært útivistarsvæði sem er um leið stórbætt aðkoma inn í bæinn.

Hreinsunaráttak á jaðarsvæðum

Árlega hefur verið haldið úti sjálfbóðaliðaátaki í hreinsun á járnarusli á jaðarsvæðum sem skilað hefur þúsundum tonna á undangengnum 3 árum.

Hreinsun strandlengjunnar

Haldið hefur verið áfram við verkefnið að fækka skólþrásum. Svæðið við Sæbraut í Keflavík hefur þannig

Inn efnir loforð sín

verið tekið í gegn, samhliða landfyllingu þar og 3 rásir sameinaðar í eina. Þá er unnið að samtengingu rása við Keflavíkurhöfn.



Háskólanám í heimabyggð

Tómstundahelgi

Í samræmi við loforð hefur verið komið á svonefndri "frístundahelgi" þar sem fjölþætt áhugamál íbúa eru kynnt. Þessi viðburður er að styrkjast í sessi og verður samþættur ýmsum uppkomum s.s. "kaffihátíð".

Prúnarsjóður skipulagsmála

Prúnarsjóðurinn hefur verið stofnaður, en það eru Reykjanesbær og Sparisjóðurinn í Keflavík sem eru fyrstu stofnaðilar. Búið er að kaupa upp eignir sem taldar eru fyrir skipulagi til framtíðar og auðvelda þannig breytingu á skipulagi og hraðari uppbyggingu samkvæmt því.

Hafnargatan endurbyggð

Framkvæmdum er lokið, mun fyrr en upphaflega var gert ráð fyrir. Verslunar- og þjónustuplássum fjölgar ört við götuna. Þetta mikilvæga framlag til uppbygginga verslunar- og þjónustu í bænum er því að skila árangri mun fyrr en menn þorðu að vona. Nokkrir gallar sem komið hafa fram í hellulagningu verða bættir af verktökunum.

Þjónustusvæði í þágu aldraðra

Búið er að skipuleggja svæði í Njarðvík þar sem hjúkrunarheimili fyrir aldraða mun rísa. Þar verður þjónustumiðstöð, öryggisíbúðir og almennar íbúðir. Auglýst hefur verið eftir samstarfsaðilum um verkefnið. Heilbrigðisráðuneytið hefur samþykkt 30 hjúkrunarpláss sem verða í hjúkrunarheimilinu. Gert er ráð fyrir að helstu þjónustubyggingar verði risnar 2007.

Ný byggingarsvæði

Í samræmi við loforðin hefur:

- Nýtt hverfi hefur verið skipulagt í Innri-Njarðvík og gott betur því 100 íbúðir eru nú að rísa. Búið er að úthluta lóðum fyrir 500 íbúðir og verið að skoða stækkun svæðis til austurs fyrir 100 íbúðir þar sem eftirspurn var mun meiri en vonast var eftir í upphafi.

- Skipulagi á svæði við Samkaup er að ljúka, í samræmi við loforð. Þar rís Íþróttakademían, nemendabúðir, KFC veitingastaður og þjónustusvæði fyrir eldri borgara. Samkaup heldur eftir góðum skika til frekari stækkunar. Þar hafa framkvæmdir gengið mun hraðar en loforð sögðu til um.

Byggðasafnsins og áframhaldandi lagfæringar til suðurs í húsinu. Svæðið í kringum smábátahöfnina hefur verið stórbætt og nú er unnið að því að höfnin fái umhverfisviðurkenninguna "Bláfánann".

Menningarmiðstöð ungs fólks

Í kosningaloforðum stóð að huga skyldi að menningarmiðstöð fyrir ungt fólk á þessu kjörtímabili. Ákveðið var að ganga lengra því 88 húsið er komið í notkun og góður gangur í því.

Árangursmælingar í stjórnkerfinu

Reykjanesbær er eina sveitarfélagið á Íslandi sem tekið hefur þátt í fjölþjóðlegu samanburðarverkefni um gæði í stjórnslu (Bertelsmann próf). Í fyrra fékk Reykjanesbær sérstaka viðurkenningu fyrir árangur frá forsvarsmönnum verkefnisins, sem sýnir að bærinn fær einkunn líkt og þrjú efstu sveitarfélögin í Svíþjóð fengu á sama prófi. Þá fékk Reykjanesbær viðurkenningu fyrir verkefnið hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Bylting í umhverfismálum

Ábyrg fjármálastjórn

Það er ábyrg fjármálastjórn að búa í haginn til framtíðar. Með hinni gríðarlegu uppbyggingu sem átt hefur sér stað hafa rekstrarkostnaðir ekki staðið undir framkvæmdum og lántökur eru nauðsynlegar. Óvænt útgjöld varðandi auknar lífeyrisskuldbindingar og gamlar ábyrgðir sem féllu á bæinn, þurfti að greiða. Með tilkomu Fasteignar hf. hafa framkvæmdir aldrei farið fram úr áætlun, sem samningar við bæinn hafa byggt á, ólíkt því sem áður gerðist.

Ákvarðanir um styttri gjaldfærslu verkefna en upphaflega var ákveðið þýðir tímabundna aukningu rekstrarkostnaðar s.s. Hafnargata og Tjarnahverfi. Þessi verkefni eru til að styrkja tekjumöguleika til framtíðar. Þær koma illa við fjárhagsáætlun ársins en flýta fyrir tekjuauka til framtíðar. Þessi verkefni eru þegar að skila sínu, á undan áætlun.

Starfsmönnum Reykjanesbæjar hefur fækkað um 8 stöðugildi á þessu kjörtímabili. Að sjálfsgöðu hefur þó

Frágangur gangstétta í eldri hverfum

Markvisst hefur verið unnið að ljúka frágangi í eldri hverfum, meðal annars malbikun gatna og gerð gangstíga. Nýtt hlutverk "hverfisvina" hjá Þjónustumiðstöð er að bera ábyrgð á umhverfismálum í hverfum og sjá til þess að það sem aflaga fer sé lagfært.

Bæjarhlíð- innkoma í bæinn

Aðkoman í bæinn hefur tekið stakkaskiptum. Líkt og lofað var er bæjarhlíði með nafni bæjarins fyrsta tenging. Grjóttlistaverk Áka Grans setja skemmtilegan svip á umhverfið, gróður- og tjarnasvæði á Fitjum og snyrting aðkomuleiða hefur skapað byltingu við innkomur til bæjarins. Áfram verður unnið að gróðurvinnu í sumar.

Staðardagskrá 21

Sérstök skrá hefur verið gerð sem vinnur samkvæmt staðardagskrá

Ný íbúðahverfi rísa

Stuðningur við tómstunda- og íþróttamál

Samkvæmt árbók sveitarfélaga er hvergi meira lagt til stuðning við íþrótt- og æskulýðsstarf á hvern íbúa en í Reykjanesbæ. Félagin í Reykjanesbæ hafa á móti lagt áherslu á gæðaviðurkenninguna "Fyrirmyndarfélag" sem tekur á fjármálastjórnun og öðru. Fastir samningar Reykjanesbæjar við íþrótt- og menningarfélög hefur gert félögunum kleift að skipuleggja sig til framtíðar. Samkomulag íþróttahreyfingarinnar við Frístundaskólann þykir til fyrirmyndar á landinu. Í samræmi við loforðin er:

- Lokið framkvæmdum við fimleikasal íþróttahússins við Sunnubraut
- Lokið framkvæmdum við íþróttamiðstöðina Njarðvíkur
- Lokið framkvæmdum við félagsaðstöðu UMFN
- Hafin bygging innisundlaugar við Sundmiðstöðina
- Hafin undirbúningur að endurbótum á knattspyrnuvellingum við Hringbraut.
- Þá er einnig hafin skoðun á bættari félagsaðstöðu Keflavíkur, sem ekki var á dagskrá 2002.

Reykjaneshöll

Nýting Reykjaneshallar hefur stóraukist á þessu ári og sannast hvílk gjörbylting á aðstöðu til íþróttaiðkunar varð með tilkomu Reykjaneshallar.



- Húsagerðin hf. keypti "Nikelsvæðið" og ráðgerir að skipuleggja þar um 150 íbúða byggð í samstarfi við Reykjanesbæ. Munnlegt loforð er á milli Húsagerðar og Reykjanesbæjar um að bærinn kaupi skika sem ætlaður er undir íþróttasvæði á bak við Reykjaneshöll og er gert ráð fyrir frágangi þess máls í tengslum við niðurstöðu vegaaætlunar ríkisins.

Duus torfan og áframhaldandi uppbygging

Áfram hefur verið haldið við uppbyggingu, opnun sals Listasafnsins, gryfjunnar, þar sem nú er sýning

orðið fjölgun starfsmanna í skólakerfinu, m.a. vegna nýrra leikskóla og nýrra verkefna, s.s. sérkennslu og Frístundaskóla.

Útboð verkefna

Fleiri þættir í starfsemi Reykjanesbæjar hafa verið boðnir út, sérstaklega við fækkun starfa á Þjónustumiðstöð. Nú er hugað að útboði á matarþjónustu í grunnskólum og nýlökkið er útboði á tryggingum. Áfram verður haldið á sömu braut.



Meiri fjölgun, fleiri lóðir, betri bær

Nú berast okkur þær ánægjulegu fréttir að bæjarbúar séu orðnir 11.081 og hefur þeim fjölgað um 130 einstaklinga frá áramótum eða um 1,2%. Í fjárhagsáætlun fyrir árið 2005 er gert ráð fyrir 1,5% aukningu íbúa á árinu öllu. Ljóst er að áætlun meirihlutans um fjölgun er mjög varfærin þrátt fyrir fullyrðingar minnihlutans um hið gagnstæða. Má benda á að Tjarnarhverfi, okkar nýja og glæsilega íbúðahverfi, hefur ekki enn tekið á móti nýjum íbúum þó uppbygging þar sé í fullum gangi. Það er því eðlilegt að spurt sé hvort tvöföldun Reykjanesbrautar og gríðarleg uppbygging í umhverfis- og skipulagsmálum svo og skóla-, menningar- og íþróttalífi séu nú að skila sýnilegum árangri? Er næsta íbúasprengr ein og við höfum séð síðustu ár í Kópavogi og Hafnarfirði nú að hefjast hér í Reykjanesbæ?

Nýtt hverfi austan Tjarnarhvefis.

Flestir eru sammála um að í vinnu Umhverfis- og skipulagssvið og verkataka bæjarins eru fagleg sjónarmið látin ráða ferðinni í núverandi uppbyggingu og hafa bestu arkitektar landsins nú verið fengnir til að skipuleggja framtíðarsvæði og byggingar. Má þar m.a. nefna framtíðar íþróttasvæði ofan Reykjanesvallar og svæði eldri borgara, íþróttakademíu og nemendaíbúðir henni tengd svo og ný íbúðarsvæði. Þrátt fyrir hraða uppbyggingu í Tjarnarhverfi og úthlutun 540 nýrra íbúða þá eru þegar margir sem hafa haft samband og eru að leita af lóðum eða húsnæði við hæfi, en öllum lóðum hefur þegar verið úthlutað. Eitt slíkt dæmi er um ungt par með í góðum störfum sem hafa síðustu mánuði gengið á milli fasteignasala og húseiganda, ákveðin að finna framtíðarhúsnæði hér í bæ, og höfðu síðan í síðustu viku erindi sem erfiði í Keflavíkurhverfi bæjarins. Víst er að eitthvað af þessum málum leysast þannig sjálfkrafa þegar núverandi íbúar, sem eru að

flytja í nýju hverfin, setja hús sín á sölu á næstu vikum og mánuðum. Þá hefur verið tekin ákvörðun um að vinna við nýtt hverfi austan Tjarnarhvefis, nær Stapa, verði sett í flýtimeðferð. Frumdrög hverfisins hefur verið kynnt í Umhverfis- og skipulagsráði en þar er gert ráð fyrir 530 íbúðum til viðbótar því sem nú þegar er í uppbyggingu. Þar er stefnt að úthlutun lóða í haust þannig að framkvæmdir gætu hafist þegar á næsta ári.

Fjölgun íbúa og ný atvinnutækifæri.

Það var ánægjulegt að fá að bjóða 11 þúsundasta íbúann velkominn í Reykjanesbæ en þar var um að ræða einstakling úr fjagra manna fjölskyldu úr Hafnarfirði. Nú í byrjun maímánaðar voru síðan skráðir íbúar þegar orðnir 11.081. Nýir íbúar eru að koma frá fleiri stöðum en fæðingardeild svæðisins en með hraðari fjölgun íbúa og skilvirkri uppbyggingu íbúðahverfa erum við að ná árangri í að auka tekjur bæjarins og þannig bæta mannlíf bæjarbúa. Samkvæmt áætlunum og í ljósi stöðunar er því búist við enn frekari íbúafjölgun á næstu misserum. Atvinnuleysi er nú með minnsta móti og er því mikilvægt að fjölga atvinnutækifærum en frekar en öll ytri skilyrði eru okkur mjög hagstæðar. Má þar nefna uppbyggingu í Helgúvík sem þegar er farin að skila miklum árangri m.a. með samningi við FL Group um olíugeymslur og nú um helgina með viljayfirlýsingu við Norðurál um byggingu stórs álvers. Hugmyndir



sem falla vel að framtíðaráformum athafnasvæðisins í Helgúvík og sýna að framsýni meirihluta Sjálfstæðismanna í markaðssetningu og uppbyggingu svæðisins eru nú að skapa raunveruleg tækifæri sem annars væru ekki til staðar. Þá er bygging Reykjanesvirkjunar á fullri ferð, fjölgun ferðamanna mikil og uppbygging við Flugstöð Leifs Eiríkssonar svo ekki sé minnst á gott aðgengi til og frá höfuðborgarsvæðinu með tvöfaldri Reykjanesbraut.

Lokaorð.

Það er ekki tilviljun að fólk fjölgi nú í Reykjanesbæ og að eftirspurn eftir lóðum hafi aldrei verið meiri. Með

miklu átaki í umhverfis- og skipulagsmálum hefur ímynd bæjarins tekið stakkaskiptum um leið og aðrir þættir í þjónustu hafa aukist á öllum sviðum. Þá er niðurstaða rekstarreiknings bæjarins árið 2004 mjög ásættanlegur að teknu tilliti til þeirra miklu framkvæmda og uppbyggingar sem átt hefur sér stað á sama tímabili, eignarstaðan góð og framtíðartekjumöguleikar með besta móti. Við getum öll verið stolt af bænum okkar en meirihluti Sjálfstæðismanna mun hvergi slaka á í frekari uppbyggingu samfélagsins verði okkur veitt brautargengi kjósanda næsta vor.

Steinþór Jónsson, bærarfulltrúi Sjálfstæðismanna og formaður Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjanesbæjar.
steini@kef.is
www.steini.is



DACODA



Útgefandi: Fulltrúaráð sjálfstæðisfélaganna í Reykjanesbæ
Ábyrgðarmaður: Viktor B. Kjartansson
Ljósmyndir: Arnar Fells o.fl.
Prentun: Grágás ehf.

XDReykjanes.is

SJÁLFSTÆÐISFLOKKURINN Í REYKJANESBÆ

